

13. apríl 2015

Bréfalykill: 220



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Reykjavík, 9. apríl 2015

Borgarráð

Tilvisun í mál R15010218

Efni: Umsögn velferðasviðs vegna erindis Lex lögmannsstofu vegna breytinga á starfsemi í Þorraseli

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2014 að sambætt heimajónusta fyrir Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar verði staðsett í húsnæði sem ég dag hýsir dagvöl fyrir aldraða, Þorrasel. Jafnframt var samþykkt að dagdvölin Þorrasel myndi flytja starfsemi sína að Vesturgötu 7.

Ástæðan fyrir þessum breytingum eru einkum þær að erfiðlega hefur gengið að reka dagvöl aldraðra, Þorrasel, á þeim daggjöldum sem ríkið hefur ákveðið og hefur því þessi starfsemi verið rekin með halla undanfarin ár. Hallinn á síðasta ári var um 18 m.kr., þ.e. rekstrarkostnaður að frátöldum tekjum af daggjöldum frá ríkinu. Þá hefur ekki verið horft til kostnaðar við húsaleigu sem er rúmar 10 m.kr. á ári. Tækifæri eru talin á hækkan daggjalda með því að stjórnun dagdvalar verði að einhverju leyti samofin heimajúkrun og inntökuteymi verði sett á fót með aðkomu hjúkrunarfræðings og læknis. Markmiðið er að hækka daggjöld úr um kr. 5.000 í kr. 8.000. Með því að sameinuð heimajónusta tilheyri þjónustumiðstöð Vesturbæjar gefst tækifæri að vinna að slíkri samnýtingu. Þá gefst einnig tækifæri til hagræðingar með því að starfrækja dagvöl á sama stað og almennt félagsstarf er staðsett, eins og háttar til á Vesturgötu 7. Með því móti næst samnýting á t.d. móttökueldhúsi, virkni á vinnustofum, böðun og starfsmönnum. Það er mat velferðarsviðs að aukin sambætting dagdvalar og félagsstarfs geti verið hvetjandi fyrir báða aðila. Þessi tilhögur felur í sér hagræðingu sem nemur rekstri eins móttökueldhúss auk þess sem samnýting verður með almennu félagsstarfi.


Breytingar þær sem um ræðir hafa áhrif á fbúa á Vesturgötu 7, við Þorragötu og Aflagranda, gesti dagdvalar, gesti á Vesturgötu 7 og starfsmenn velferðarsviðs. Samráðsferli við hlutaðeigandi hófst þegar málið hafði verið samþykkt í velferðarráði og stefnan mörkuð. Við undirbúningsvinnu tillögu af þessum toga hafa verið höfð í huga þau óþægindi sem af henni geta stafað fyrir alla hlutaðeigandi og þau metin. Að loknu samráðsferli og að fengnum sjónarmiðum þeirra sem hlut eiga að máli verður lagt mat á verkefnið í heild og einstaka þætti þess.

Þegar samþykki velferðarráðs lá fyrir var byrjað að kynna fyrirliggjandi breytingar og er þeirri vinnu ekki lokið. Fundað var með stjórn húsfélagsins að Þorragötu 5, 7 og 9 og breytingarnar kynntar og í framhaldinu voru stjórn húsfélagsins sendar allar upplýsingar varðandi ákvörðun um fyrirhugaðar breytingar. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar boðaði til íbúafundar þann 26. nóvember 2014 þar sem skrifstofustjóri SEA og skrifstofustjóri þjónustu heim á velferðarsviði sátu fyrir svörum.

Fundað hefur verið með lögfræðingi fbúa og fulltrúum þeirra þar sem leitast hefur verið eftir að ná sátt og aðrir möguleikar á nýtingu húsnæðis Þorrasel hafa verið kynntir. Í svarbréfi frá lögfræðingi kemur fram að fbúum hugnist ekki þær hugmyndir sem kynntar hafi verið og vísa í að Þorrasel hafi verið reist til að þar færi fram starfsemi fyrir aldraða og gera kröfum að í húsnæðinu verði áfram starfsemi að þeim toga sem til var stofnað í upphafi. Núverandi starfsemi á Þorragötu 3 er Þorrasel, almenn

dagdvöl fyrir aldraða sem rekin er á daggioldum frá rískinu. Þeir sem sækja dagdvöl eru íbúar búsettur í Reykjavík sem sótt hefur verið um, og metnir hafa verið að séu í þörf fyrir úrræðið. Um 70 einstaklingar deila með sér 200 dagvistarrýmum á viku eða um 40 einstaklingar dag hvern. Engin þjónusta er í dagdvöl fyrir aðra en þá sem hafa fengið samþykkt dagdvalarvistun. Þeir sem búa í nánd við Þorrasel eiga ekki greiðari aðgang að dvöl í Þorraseli en aðrir íbúar í Reykjavík. Fyrirhuguð starfsemi, samþætt heimaþjónusta, er vissulega starfssemi fyrir aldraða þar sem stærsti hluti þeirra sem þjónustu þiggja eru aldraðir. Sú starfsemi sem fyrirhugsuð er verður því að stærstum hluta í þágu aldraða og nálægð við slika þjónustu hefur verið talin til kosta fyrir nálæga íbúa sem á þjónustu þurfa að halda.

Virðingarfyllst,



Stefnán Eiríksson,  
sviðsstjóri velferðarsviðs